

## Saurbæjarhreppur

2021/29

Saurbæjarhreppur var innsti hreppur Eyjafjarðar og lá beggja vegna Eyjafjarðarár. Vestan árinna náði hann að hreppamörkunum við Hrafnagilshrepp sem voru við Skjöldalsá en austan Eyjafjarðarár náði Saurbæjarhreppur að hreppamörkunum við Öngulsstaðahrepp stutt norðan við Öxnafell.

Af hreppunum innan Akureyrar var Saurbæjarhreppur stærstur að flatarmáli og fram til ársins 1750 var honum skipt í fimm kirkjusóknir: Stóradalssókn, Miklagarðssókn, Saurbæjarsókn, Möðruvallasókn og Hólasókn. Þetta ár var Stóradalskirkja aflögð og sú sókn sameinuð Miklagarðssókn. Sóknunum fækkaði svo aftur 1922 þegar Miklagarðskirkja var rifin og Saurbæjarsókn stækkuð. Langt fram eftir 20. öld þótti þó íbúum Hólasóknar full langt að fara í kirkju á Saurbæ, en Hólasókn var innst af hinum fornu kirkjusóknunum og sú sókn sem bjó við erfiðustu samgöngurnar.

Líkt og í mörgum öðrum sveitum landsins fækkaði íbúum í Saurbæjarhreppi jafnt og þétt þegar leið á 20. öldina. Árið 1870 bjuggu 703 í hreppnum en árið 1930 hafði þeim fækkað um tæplega helming, niður í 480. Árið 1990 voru íbúarnir orðnir 250.

Árið 1971 tók Saurbæjarhreppur, ásamt Hrafnagilshreppi, Öngulsstaðahreppi og Svalbarðsstrandahreppi, þátt í byggingu skóla á Hrafnagili. Þar fór fram kennsla unglunga í 7., 8. og 9. bekk, en hrepparnir ráku hver sinn barnaskólann. Barnaskólinn í Saurbæjarhreppi var á Sólgarði.

Árið 1981 var lögð brú yfir Eyjafjarðará við Hrafnagil. Við þetta bættust samgöngur á svæðinu töluvert og auðveldara varð fyrir íbúa Saurbæjarhrepps að sækja sér nauðsynlega þjónustu til Akureyrar.

Árið 1990 var kosið um sameiningu hreppanna þriggja innan Akureyrar, Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps. Nýtt sameinað sveitarfélag hlaut nafnið Eyjafjarðarsveit og varð formlega til 1. janúar 1991.

Afhendingin barst frá Þuríði Sigurðardóttur frá Dalvík. Áður hafa safninu borist 34 afhendingar með gögnum frá Saurbæjarhreppi, afhendingar nr. 18, 48, 61, 68, 106, 128, 226, 244, 272, 289, 314, 319, 419, 455, 488, 733, 862, 1006, 1025, 1030, 1064, 2006/35, 2007/43, 2011/29, 2011/52, 2011/62, 2011/67, 2012/12, 2012/46, 2013/4, 2014/15, 2014/30, 2015/44 og 2017/76.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
9. febrúar 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

## Geymsluskrá

2021 / 29

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

## A - Saurbæjarhreppur

## A - Saurbæjarhreppur

1770 - 1975

A	1	1	1951 - 1975	Innkomin bréf; jarða- og ábúendaskrár; skrá um afrétti og fjárréttir í Eyjafjarðarsýslu, eins og hún er prentuð aftan við sýslufundargjörðina 1894; reikningar; listar yfir garnaveiki í sauðfé; skýrsla um Alþingiskosningar 1974; skipunarbréf; athugasemdir varðandi heildarblóðpróf nautgripa í Saurbæjarhreppi (garnaveikispróf); innsendur auglýsingabæklingar; skýrsla um þinggjaldsgreiðslur; tillaga að sameiningu; skuldaviðurkenning; umboðsbréf; virðingargjörð; bréf frá Héraðsskjalasafninu á Akureyri; bréf vegna bifreiðaskráningar; bréf um bifreiðaskoðanir; bréf um skráningu jarða og fasteignamats
A	1	2	1892 - 1953	Byggingarbréf og kaupsamningar varðandi jarðirnar Möðruvelli, Ytri-Villingadal, Helgastaðir, Kálfagerði, Hrísa, Ölvisgerði, Velli, Melgerði, Draflastaði, Háls og Hólakot; veð í jörðinni Arnarstöðum
A	1	3	1770 - 1921	Ýmis skjöl; forordingar, skipunarbréf o.fl.